

Útskriftarnemendur, skólameistari, starfsmenn og allir þeir sem hér horfa á þessa útsendingu.

Kæru útskriftarnemendur, fyrir hönd skólanefndar VA, flyt ég ykkur og fjölskyldum ykkar hamingjuóskir með þennan merkisáfangi sem þið fagnið hér í dag. Þetta verða alltaf mikil tímamót í lífinu hjá ykkur. Sumir eru nú komnir með starfsréttindi og halda út á vinnumarkaðinn, aðrir halda til áframhaldandi náms eða staldra nú við og velta fyrir sér framtíð sinni. Hvað sem verður þá hafið þið lokið veigamiklum áfangi í lífinu og aflað ykkur þekkingar í mikilvægt veganesti til framtíðar. Þá vona ég að þið farið úr ykkar námi í VA með góðar minningar um skólann og veru ykkar í honum. Það er alltaf sérstakt fyrir skóla að sjá á eftir nemendum við útskrift. Þrátt fyrir að því fylgi söknuður að vissu leyti þá er það líka stolt skólans að skila af sér nemum og fá nýja í staðinn.

Þá vona ég að þetta verði gleðidagur hjá ykkur sem þið eigið eftir að minnast og ekki bara fyrir þessar sérstöku aðstæður, takið eftir að ég nota ekki hið ofnotaða orð fordæmalaust, sem við útskrifum núna við og nýtum til þess tæknina til að allt ykkar fólk geti notið stundarinnar með okkur. Og þetta er fjartækni sem þið þekkið orðið vel eftir síðustu mánuði í náminu hjá okkur eftir að samfélagið eins og við höfum þekkt það þurfti skyndilega að takast á við gerbreytta heimsmynd eins og má segja þegar veiruskrattinn með þjála nafnið, COVID 19, þurfti endilega að líta við jafnlítið velkominn eins og fulli frændinn í fermingarveislunni. Og þeirri heimsókn hafa fylgt miklar áskoranir fyrir alla hvar sem er eins og við öll þekkjum og ekki allar einfaldar. Það var því aðdúnarvert að sjá hvernig skólameistari, kennarar og starfsfólk VA brugðust við þessu ástandi og umbreyttu kennslunni þannig að námið gæti haldið áfram. Og ekki síður var aðdúnarvert að sjá ykkur nemenduna taka fullan þátt og aðlagu ykkur að þessum stafrænu kennslustofum og stundum. Þannig að skólahald hélst í föstum skorðum og útskrift samkvæmt venju að vori hér í dag. Þetta var ekki sjálfgefið við slíkar aðstæður og fyrir það færi ég ykkur öllum bestu þakkir frá skólanefnd og held að ég megi örugglega gera frá samfélaginu öllu hér í Fjarðabyggð. Ég hef ekki þreyst á því á þeim tíma sem ég hef verið formaður skólanefndar VA að segja að það sem skapar skóla eru ekki byggingar þó þær þurfi að vera til staðar, heldur er það fólk sem að baki honum stendur og þar erum við heppinn hér.

Það að hafa skóla eins og VA hér í samfélaginu á Austurlandi er gríðarlega mikilvægt og það þarf ég varla að segja ykkur. Ekki bara er hann mikilvægur fyrir þá sem hér búa til að geta sent börn sín til mennta fyrstu árin að lokinni skólaskyldu og þurfa þannig ekki að senda þau um langan veg í aðra landshluta. Hann er líka mikilvægur sem menntastofnun fyrir atvinnulífið sem verknámsskóli og ekki síður sem vinnustaður í samfélaginu fyrir fólk með fjölbreytta menntun. Og þá er hann líka nauðsynlegur hluti menningar og félagslífs sem gerir samfélagið blómlegra hér, svona langt út á landi eins og maður fær stundum að heyra að Austurland sé. En sú fjarlægð sem mæld er frá höfuðborgarsvæðinu er á stundum því miður óskaplega löng og á það til að láta opinbera þjónustu visna því lengra sem hún þarf að fara þaðan. Slíkt er með öllu óþolandi. Jafn ríkt land og Ísland er þarf á því að halda að blómleg byggð sé í landinu öllu og íbúar þess sitji allavega við sama borð þegar kemur að grunnþjónustu við þá. Þar eru verknáms og framhaldsskólar með mikilvægari þáttum. Og það er ekki nóg að tala bara um mikilvægi þeirra á hátíðarstundum heldur verður fjármagn að fylgja til að gera þeim kleift að halda úti starfsemi sinni. Það er forgangsmál. Fjórdá iðnbýltingin sem mjög er talað um að sé að hefja innreið sína mun ekki geta komið um land allt ef meðal annars námsframboð verður ekki tryggt.

Því miður fer allt of mikill tími forsvarsmanna skóla og sveitarfélaga á landsbyggðinni í endalaust karp um fjármagn við hið opinbera. Tími sem væri betur varið í að ræða sókn og framþróun náms og byggðapróunar en ekki niðurskurðar og hagræðingartillögur sem ekkert gera annað en draga ennfrekar úr þrótti þeirra. Ég vona að liðinn vetur sem ekki bara hefur fengið veiruheimsókn heldur líka válynd veður sem drógu fram ýmsa veikleika í innviðum landsins hafi fengið einhverja sem að þessum málum til að opna augun fyrir því að svona getur þetta ekki gengið lengur. Grunnþjónustu

þarf að styrkja og gera öllum íbúum þessa lands kleift að njóta hennar en ekki bara þeirra sem geta séð ljósið af friðarsúlunni í Viðey út um eldhúsgluggann hjá sér þó það sé fallett. Ef ekki þá munu innviðir landsins ekki verða sterkir til framtíðar.

En kæru útskriftarnemar, ég vona að þið njótið stundarinnar hér í dag. Þið eruð stolt skólans við námslok eins og VA er stolt samfélagsins. Þakka ykkur fyrir að velja VA sem skólann ykkar liðin ár. Það á að vera metnaður okkar sem hér búum að nýta okkur hann enda hefur hann sýnt og sannað í gegnum tíðina að hann skilar vel menntuðum nemendum frá sér.

Ég endurtek hamingjuóskir til ykkar og fjölskyldna ykkar með áfangann og vona þið náðið að halda vel upp á hann þrátt fyrir að ýmsar takmarkanir séu enn á samkomuhaldi. Og hafandi verið einu sinni í ykkar sporum þá veit ég að ýmsir hyggja á að halda vel upp á þetta sem eðlilegt er. Þið gerið það bara fallega.

Til hamingju öll sömul og megi ykkur farnast vel í framtíðinni.